

Umsögn um þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 626. mál.

## Umsögn Benedikts Jóhannessonar

Reykjavík, 28.4. 2015

Ég styð málið. Í kosningunum 2013 kaus ég Sjálfstæðisflokkinn út á loforð um að kosið yrði um málið á yfirstandandi kjörtímabili. Þetta var skynsamlegt loforð og menn eiga að standa við orð sín. Vegna þess að sumir virðast hafa gleymt hverju var lofað rifja ég það upp hér á eftir.

Stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningar 2013 sagði m.a.:

„Þjóðin tekur ákvörðun um aðildarviðræður við ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu.“

**Teitur Björn Einarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík** suður og fyrrverandi formaður utanríkisnefndar Sjálfstæðisflokksins skýrði stefnuna 2. mars 2013:

„Í nóvember 2011 samþykkti landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktun um aðildarviðræður við ESB sem í reynd var málamiðlunartillaga. Á nýafstöðnum landsfundi flokksins var orðalagi þeirrar ályktunar breytt. Í stað þess að hlé verði gert á viðræðunum er lagt til að þeim verði hætt. En málamiðlunartillagan stendur óhögguð og er hún árétuð. Áfram er lagt til að framhald aðildarviðræðnanna ráðist í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er þjóðaratkvæðagreiðslan um framhald viðræðnanna sem er kjarninn í málamiðlunartillögu Sjálfstæðisflokksins. Innan Sjálfstæðisflokksins eru skiptar skoðanir um ESB og aðildarviðræðurnar eins og gefur að skilja í stórum flokki með breiða skírskotun. En með ályktuninni hefur landsfundur falið forystu Sjálfstæðisflokksins á Alþingi að ná samstöðu um framhald málsins á þessum grundvelli. Tillagan í ályktuninni um utanríkismál er sett fram til að sátt náist meðal þjóðarinnar hvernig leiða megi þetta mikla ágreiningsmál til lykta.

Átök um aðildarviðræðurnar hafa nú staðið yfir í um fjögur ár og litlu sem engu skilað. Kominn er tími til að ná fram samstöðu í þjóðfélaginu um framhaldið og svo hægt sé að beina kröfum og tíma allra að því verkefni að bæta kjör fólks í landinu. Það stendur því frekar upp á aðra flokka að svara því til af hverju þeir geta ekki fallist á að ágreiningur um framhald aðildarviðræðnanna verði lagður í dóm þjóðarinnar. Sú leið er lýðræðisleg og best til þess fallin að skapa sátt.“

*Greinin birtist í Morgunblaðinu 2. mars 2013.*

**Illugi Gunnarsson, núverandi menntamálaráðherra**, sagði í Silfri Egils þann 10. mars 2013: „Ég er sammála því að það verði stöðvaðar þessar viðræður, að það verði ekki farið í það sem kallað er hægja á eða gera hlé, sem er auðvitað ekkert annað en að halda áfram en bara gera það hægar, og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin fái að segja sinn hug í því hvort hún vilji klára þetta eða ekki. Ef það er þannig að þjóðin segi já við því þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.“

**Hanna Birna Kristjánsdóttir, núverandi innanríkisráðherra**, sagði í Silfri Egils þann 17. mars 2013: „Fyrst og síðast snýst þetta um það að sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum sinnar þjóðar ekki vera best borgið innan Evrópusambandsins. Við erum hins vegar þeirra skoðunar að vilji þjóðin það á einhverjum tímapunkti þá ber okkur að fara í þjóðaratkvæði og niðurstaðan af því, við munum virða hana.“ Sú þjóðaratkvæðagreiðsla myndi fara fram á kjörtímabilinu. Ennfremur sagði Hanna Birna:

„Að sjálfsögðu mun Sjálfstæðisflokkurinn standa við það að þjóðin fær að ákveða það hvort það verði gengið lengra í þessu máli. Það er þjóðarinnar en ekki einstakra stjórnmalamanna.“

Í Kosningasjónvarpi RÚV síðastliðið vor sagði **Ragnheiður Elín Árnadóttir, núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra**, mestu máli skipta að þjóðin fái að greiða atkvæði um hvort viðræðum yrði haldið áfram. „Það sem mér þykir mestu máli skipta er að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort þessu verði haldið áfram eða ekki. Og ég treysti þjóðinni til þess að taka upplýsta ákvörðun. Vegna þess hversu mikið ágreiningsmál þetta er, milli flokka, milli þjóðarinnar, milli landsbyggðar og höfuðborgar, þetta fer í gegn um fjölskyldur, eina leiðin til að komast að niðurstöðu um það hvert skuli halda núna, er að spyrja þjóðina,“ sagði Ragnheiður Elín.

**Kristján Þór Júlíusson núverandi heilbrigðisráðherra**: sagði við Íslending, vefrit fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akureyri, 19 janúar 2013: „Ég tel að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Sökum þeirra miklu deilna sem aðildarviðræðurnar hafa skapað í þjóðfélaginu tel ég rétt að þjóðin fái tafarlaust að kjósa um áframhald aðlögunarviðræðna.“

24. apríl 2013 var fjallað um málið á Vísi:

„**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, formaður Framsóknarflokksins, segist líta svo á að það sé komið hlé á viðræðum og ekki gerist þörf á að slíta þeim með formlegum hætti, en þráðurinn verði ekki tekinn upp að nýju „nema með umboði frá þjóðinni úr þjóðaratkvæðagreiðslu“.

Varðandi tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu segir Sigmundur að hún gæti jafnvel orðið snemma á næsta kjörtímabili.

**Bjarni og Sigmundur** játa báðir að það væri engin kjörstaða ef þjóðin samþykkti framhald á meðan hugsanlegir stjórnarflokkarnir væru á því að Íslandi væri betur borgið utan ESB.

„Það er í sjálfu sér ekki góð staða og vissar flækjur í því ef ríkisstjórn er að framkvæma eitthvað sem hún er ekki hlynnt,“ segir Sigmundur en bætir við að þetta sé afleiðing þess að núverandi stjórn hafi hafið ferlið „á röngum forsendum“. [Hér mun SDG eiga við ályktun Framsóknarflokksins á flokksþingi vorið 2009 þegar samþykkt var að sótt skyldi um aðild að Evrópusambandinu undir ákveðnu skilyrði „Þá setur flokkurinn það skilyrði, að í upphafi viðræðna, það er við Evrópusambandið, verði gerður stöðugleikasamningur við Evrópska seðlabankann sem tryggi stöðugt gengi íslensku krónunnar þar til Íslendingar taka upp evru.“]

**Bjarni [Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og núverandi fjármálaráðherra]** segir málin munu ráðast þegar að því kemur.

„Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ganga í Evrópusambandið og greiddi atkvæði gegn umsókn,“ segir hann. „En við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það.““

Á mbl.is 20.8. 2103 hafði Bjarni Benediktsson gleymt stefnuskránni fyrir kosningarnar og sagði: „**Það er hvorki stefna Sjálfstæðisflokksins né Framsóknarflokksins að slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.**“

Bjarni sagði hins vegar síðar í samtalinu að **sjálfur væri hann enn sömu skoðunar**: „Það er hins vegar mín skoðun, og ég ræddi það fyrir kosningar að það gæti farið vel á því að við efndum einhvern tímann á fyrri hluta kjörtímabils, eða þá að það gæti orðið á seinni hlutanum, til þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandsmálin.“

Þann 21. febrúar 2014 samþykkti þingflokkur Sjálfstæðismanna að standa að þingsályktunartillögu sem sagði m.a.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.“ Þessi ályktun gekk gegn kosningastefnunni og skoðun formannsins.

Í *Vikulokunum* á *Rás 1* 22. feb. 2014 sagði Þorsteinn Pálsson:

„Menn kusu [Sjálfstæðis]flokkinn út á þetta. Nú hefur formaðurinn ákveðið að svíkja þetta. Þetta er eitt stærsta loforð sem gefið hefur verið í íslenskum stjórnámálum og þetta eru ein stærstu svik sem gerð hafa verið í íslenskum stjórnámálum.“

**Birgir Ármannsson**, formaður utanríkismálanefndar, sagði 22. feb. 2014 við RÚV að ákvörðun stjórnarflokka um að draga aðildarumsókn að Evrópusambandinu til baka séu ekki svik við kjósendur. Heppilegra hefði verið að orða hlutina með öðrum hætti í aðdraganda kosninga heldur en að lofa þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra og **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra sögðu **báðir** í aðdraganda kosninga að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB.

„Skilyrði þess að til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi var það að ákveðið væri að halda áfram,“ segir Birgir. „Auðvitað er rétt að það féllu ýmiss ummæli í aðdraganda kosninganna. En frá því að kosningarnar fóru fram og síðan ríkisstjórnin var mynduð, hafa menn verið að velta fyrir sér hvernig ætti að nálgast þetta viðfangsefni.“

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lýst því að hann sæi ómöguleika í því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu undir þeim kringumstæðum að ríkisstjórn og þingmeirihluti sem eru andvíg aðild og aðildarviðræðum ættu að fylgja því máli fram á þessum tíma.“

Formenn stjórnarflokkanna höfðu þessa skoðun í aðdraganda kosninganna. Voru það mistök að hafa lofað þessu fyrir kosningar og geta ekki staðið við það? „Það má orða það þannig að menn hefðu sennilega átt að orða hlutina með öðrum hætti. Það sem hinsvegar hefur gerst í millitíðinni er að menn hafa gert hlé á viðræðunum, menn hafa upplifað það að vera í þeirri stöðu að vera umsóknarríki án þess að vera í virkum viðræðum. Sú reynsla sýnir mönnum einfaldlega fram á að það er heiðarlegra gagnvart kjósendum Ísland, gagnvart samstarfsmönnum í Evrópu, að hafa línurnar skýrar í þessu.“

24. feb. birtist frétt á *Vísu* þar sem málinu er stillt þannig upp að aðeins hafi verið tveir kostir í málinu og báðir hafi falið í sér svik. Val forystumanna sjálfstæðismanna hafi verið að velja þann kostinn sem minni svik væru:

Yfirskriftin var: „Meiri svik að ljúka viðræðum en að draga umsóknina til baka“

Fréttin heldur áfram: „*Bjarni Benediktsson* segir það vera meiri svik við kjósendur Sjálfstæðisflokksins að halda aðildarviðræðum áfram en að draga umsóknina til baka. „Ég lít ekki svo á að ég sé að svíkja kjósendur Sjálfstæðisflokksins með þessari tillögu,“ sagði **Bjarni Benediktsson**, fjármálaráðherra, í samtali við *Stöð 2* í dag.

Þetta er rangt. Með tillögunni sveik flokkurinn mig, sem var kjósandi flokksins. [Innskot BJ]

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur ávallt verið þeirra skoðunar að við ættum að standa utan Evrópusambandsins. Flokkurinn hefur ályktað um þessi mál og oft á tíðum verið mikil átök. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að það væri heppilegt að útkljá þetta mál með þjóðaratkvæðagreiðslu og ég horfði til þess að það væri hugsanlega hægt að gera það á fyrri hluta þessara kjörtímabils.“

En síðan væri búið að kjósa og ákveðið pólitískt landslag væri í landinu um að hvorugur stjórnarflokkurinn hefði á stefnuskrá sinni að ganga í sambandið og enginn ráðherra hefði áhuga á því.

„Kannski mætti segja að það væri einhver mestu svik sem ég gæti framið að gera aðildarsamning við Evrópusambandið og að koma með hann heim þegar fyrirbyggur að mikill meirihluti Sjálfstæðismanna er á móti inngöngu.“

„Það hefur ekkert kosningaloforð verið svikið enn, svo því sé haldið til haga. langur vegur frá. Þvert á móti hefur formaður Sjálfstæðisflokksins lýst yfir vilja til þess að beita sér fyrir því að það verði samkomulag meðal þingmanna um að það að koma með einhverjum hætti þjóðinni að þeirri ákvörðun sem þarf að taka í þessu máli. Ég skil ekki þær fullyrðingar um að eitthvað annað liggi í spilum eða kortum,“ sagði **Kristján Þór Júlíusson** í þingræðu.

Kristján sagðist þá ekki hafa kvikað frá þeirri skoðun sinni að fara eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann dragi þó hins vegar fullkomlega í efa að vilji sé á þinginu til afgreiða málið með þeim hætti að um það náist samstaða.

Í samtali **Hönnu Birnu Kristjánsdóttur** varaformanns Sjálfstæðisflokksins við Mikael Torfason í þættinum *Mín skoðun á Stöð 2* 16.3. sagði hún aðspurð um þær ásakanir Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, að slit á viðræðum fælu í sér ein mestu svik íslenskrar stjórnsmálasögu, velti hún upp stærð og eðli svikanna:

„Ég vil segja við Þorstein: Umræðunni á þingi hefur ekki verið lokað. Bæði formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra hafa ekki útilokað neitt. Ég vil líka segja við fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, að Sjálfstæðisflokkurinn snýst ekki um aðild að Evrópusambandinu. Sjálfstæðisflokkurinn snýst um frelsi, val einstaklinganna og lítil ríkisafskipti. Þetta er kjarninn í sjálfstæðisstefnunni. Kjarninn í sjálfstæðisstefnunni er ekki aðild að Evrópusambandinu. Stærstu svik formanns Sjálfstæðisflokksins geta aldrei snúið að Evrópusambandinu.“

Hún var ekki spurð um það hver stærstu svikin gætu þá verið, né bent á það að þetta hefði verið sameiginlegt loforð allra frambjóðenda flokksins fyrir kosningar 2013 en ekki loforð formannsins eins.

12. apríl 2014 sagði **Hanna Birna Kristjánsdóttir**, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, í viðtali við Stöð 2:

„Og nú er það verkefni eins og við höfum sagt og það hafa allir nefnt það í ríkisstjórninni, að þetta mál í kring um Evrópusambandið nýlega hefur ekki farið nógu vel. Við fórum of hratt með það og fólk var ekki alveg að átta sig á því hvers vegna við gerðum þetta svona hratt. Nú erum við að vinna í því á þinginu og ég held að það skipti mestu máli að allir þeir sem standa

innan Sjálfstæðisflokksins vinni að því sameiginlega að finna á því lausn. Og ég er sannfærð um að þinginu getur tekist að finna lausn sem verður breið og ágæt samstaða um og það skiptir miklu máli.“

Ekki kemur fram hvort lausnin felist í því að slíta viðræðunum hægar.

Niðurstaðan er augljós. Það er þjóðinni til heilla að kosið sé um málið og þannig útkljáð hvort meirihlutinn vill ljúka samningum eða ekki. Ég var þeirrar skoðunar eins og flestir þeir sem nú skipa meirihluta á þingi árið 2009 og er enn. Rökin fyrir því hafa ekkert breyst.

Virðingarfyllst,



Benedikt Jóhannesson,

040555-2699

## Bréf

Alþingi,  
nefndasvið,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 29. apríl 2015  
2015040009

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 626. mál.**

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. apríl 2015.

Bændasamtök Íslands hafa ítrekað lýst andstöðu við aðild Íslands að ESB. Ljóst er að ákvörðun Alþingis vorið 2009 um að sækja um aðild að ESB var tekin við aðstæður þegar örlagaþrungin óvissa ríkti í efnahagslífi okkar og hins vestræna heims. Margir töldu t.d. að evran byggji yfir þeim styrk að aðild að evrusamstarfinu væri lausn á vanda okkar íslendinga á þeim tíma. Annað hefur nú komið í ljós, enginn veit hvemig Evrópusambandið kann að þróast og evrusvæðið býr við mikla kreppu sem kemur þyngst niður á jaðarsvæðunum í suðri. Viðræður um aðild Íslands að ESB sigldu í strand strax á árinu 2012 og kjörtímabili þeirrar ríkisstjórnar sem Alþingi veitti umboð til að hefja aðildarviðræður, lauk án þess að hreyft væri við þeim efnispáttum sem mestu máli skipta fyrir okkur Íslendinga.

Í ræðu sinni við setningu Alþingis vorið 2013 sagði forseti Íslands að viðræður hans við fjölmarga evrópska áhrifamenn hafi sannfært hann um að þrátt fyrir vinsamlegar yfirlýsingar sé í raun ekki ríkur áhugi hjá Evrópusambandinu á því að ljúka á næstu árum viðræðum við okkur. Síðan sagði hann orðrétt: „Ástæðurnar eru frá sjónarhóli sambandsins sjálfs að mörgu leyti skiljanlegar. Norræn lýðræðisþjóð felldi aðildarsamning tvisvar í þjóðaratkvæðagreiðslum og áfall yrði ef slíkt gerðist í þriðja sinn með höfnun Íslendinga. Þá virðast litlar líkur á þróun varanlegrar sjávarútvegsstefnu sem Íslendingar teldu þjóna sínum hagsmunum.“

ESB hefur lýst því yfir að ný ríki verði ekki tekin inn á næstu árum. Engin ástæða er til að ætla að í þeirri stöðu sé heldur vilji þar á bæ til að eyða kröftum viðræður við Ísland um aðild landsins að ESB. Hjá ESB eru ærin verkefni á öðrum og mikilvægari sviðum. Framhald viðræðnanna verður fyrst og fremst á forsendum ESB og spurningin sem Íslendingar verða að svara fyrst og fremst er hvort þjóðin vill aðild að ESB eins og það er og er líklegt til að þróast. Ef meirihluti myndast að baki slíkri skoðun, sem ekkert bendir til að sé nú um stundir, breytast hins vegar forsendur.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að ESB er því innihaldslaus við núverandi aðstæður, þ.e. meirihluti þjóðarinnar er mótfallinn aðild að ESB og engin áform eru af þess hálfu um að ljúka viðræðum og taka inn ný ríki á næstu árum. Eina þjóðaratkvæðagreiðslan um ESB sem myndi hafa þýðingu undir þessum kringumstæðum fælist í því að spyrja þjóðina hvort hún vildi ganga í sambandið eða ekki, en framangreind þingsályktunartillaga leggur það ekki til.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,  
Erna Bjarnadóttir

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 626. mál.

Sá agnúi er á þeirri tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu sem hér er fjallað um að ekki er tekið neitt mið af því hvernig umsókninni frá 2009 reiddi af. Þingsályktunartillagan um þjóðaratkvæðagreiðslu segir í raun að halda eigi áfram með aðildarumsóknina frá sumrinu 2009 og byggja áfram á samþykkt alþingis frá þeim tíma. Horft er framhjá þeirri staðreynd að umsóknarferlið sem hafið var 2009 er stopp. Það strandaði meðal annars á þeim fyrirvörum sem Alþingi setti ríkisstjórn og íslensku samninganefndinni og er að finna í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar frá þeim tíma. Þess vegna er þingsályktunartillagan um framhald aðildarviðræðna við ESB meingölluð og staðreyndarlega röng. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við ESB eins og tillagan gerir ráð fyrir þýðir í raun að verið er að biðja þjóðina að fella niður alla þá fyrirvara sem Alþingi setti 2009 og umsóknin sé skilyrðalaus.

Þingmennirnir sem standa fyrir tillögunni láta þess alveg ógetið hvort þeir vilji að þjóðin afsali sér yfirráðum yfir auðlindum landsins, samanber fyrirvara Alþingis frá 2009. Ekki verður annað séð en að það sé forsenda fyrir því að hægt sé að halda áfram með umsóknina að ESB að fallið verði frá fyrirvörum Alþingis þegar haft er í huga að umsóknarferlið strandaði árið 2011 m.a. á því að ESB vildi ekki taka nauðsynlegt skref og sýna t.d. á sín spil í sjávarútvegsmálum, en benti í stað þess á lög og reglur sambandsins sem væru skýrar í þessum efnunum. Þar með stöðvaði ESB í raun viðræðurnar um aðild Íslands að ESB.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki endilega ávísun á lýðræði. Það er t.d. frumskilyrði að kostirnir sem valið er um séu skýrir og báðir eða allir framkvæmanlegir. Þannig hlyti eina lýðræðislega atkvæðagreiðslan um þetta mál að snúast um viljann til að ganga í ESB eða ekki eins og það er í dag og er líklegt til að þróast.

Það ætti því að vera forsenda þess að tekin sé afstaða til þingsályktunar þeirrar sem hér um ræðir að fyrir liggi hvernig eigi að fara með þá fyrirvara sem meirihluti



utanríkismálanefndar lagði til og Alþingi samþykkti sumarið 2009. Samningum um einstaka kafla lýkur ekki af hálfu ESB fyrr en umsóknarríkið hefur aðlagð og yfirtekið lög og regluverk Evrópusambandsins eða tilgreint tímafresti og skuldbundið sig hvenær það yrði gert. Eða eins og Evrópusambandið sjálf segir í leiðbeiningum sínum til umsóknarríkja:

"Aðildarviðræður snúast um skilyrði fyrir og tímasetningar á upptöku umsóknarlands á reglum ESB, framkvæmd þeirra og beitingu – sem fylla 90 þúsund blaðsíður. Um þessar reglur ... verður ekki samið." <sup>1</sup>

Hins vegar virðist mega ráða af texta þingsályktunarinnar mál nr. 626 og þeirri greinargerð sem með henni fylgir að flutningsmenn tillögunnar vilji algjörlega líta framhjá þeim fyrirvörum sem Alþingi gerði sumarið 2009 um vörn fyrir hagsmunum Íslendinga. Þegar af þeirri ástæðu er rétt að samþykkja ekki þessa þingsályktunartillögu.

Heimssýn, samtök sjálfstæðissinna í Evrópumálum, vinna að því að halda Íslandi fyrir utan ESB þar sem samtökin telja það þjóna best hagsmunum Íslendinga að vera sjálfstæð og fullvalda þjóð fyrir utan hið miðstýrða ríkjasamband sem ESB er og sem byggir fyrst og fremst á hagsmunum stóru iðnaðarþjóðanna í Evrópu.

Skóðanakannanir sýna ítrekað að Íslendingar vilja ekki gerast aðilar að Evrópusambandinu. Vinnufyrirkomulagið við viðræður um aðild að ESB er þannig, eins og sjá má í gögnum frá sambandinu og heyra hefur mátt frá fulltrúum ESB, að í aðildarferlinu skuli umsóknarþjóð aðlaga regluverk sitt að reglum ESB. Þetta má einnig sjá í álitum og skrifum þeirra einstaklinga og hópa sem stjórnvöld hér á landi settu á laggirnar í umsóknarferlinu og eins til að meta stöðu aðildarviðræðnanna sem voru reyndar komnar í strand af áður nefndum ástæðum.

Heimssýn hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum leggur því til að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði ekki samþykkt.

Reykjavík, 13.05 2015  
Fyrir hönd Heimssýnar  
Jón Bjarnason formaður

---

<sup>1</sup> ([1] "First, it is important to underline that the term "negotiation" can be misleading. Accession negotiations focus on the conditions and timing of the candidate's adoption, implementation and application of EU rules - some 90,000 pages of them. And these rules ... are not negotiable." (Sjá: [http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/publication/enl-understand\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/publication/enl-understand_en.pdf))



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, mál 626.**

Formenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi hafa lagt fram þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu. Herjan setur sig almennt ekki upp á móti atkvæðagreiðslum um stór hagsmunamál. Þessi þingsályktun vekur þó upp margar spurningar. Sé litið til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir er vafamál að atkvæðagreiðsla sé í raun framkvæmanleg því óljóst er um hvað er kosið.

Það er ljóst að málið er í skotgröfum og hefur verið síðan Alþingi ákvað að senda inn fyrirleggjandi umsókn þann 16. Júlí 2009. Herjan lítur svo á að best hefði verið að málið hefði farið í atkvæðagreiðslu við byrjun máls árið 2009. Tvöföld atkvæðagreiðsla hefði verið vænlegasti kosturinn og þar með hefði aðkoma almennings verið trygg.

Efni málsins er þó þannig að fyrirleggjandi umsóknin sigldi í strand árið 2011 samkvæmt rýniskýrslu Evrópusambandsins fyrir árið 2011 vegna sjávarútvegskafans. Evrópusambandið hefur stöðvað fyrirleggjandi aðlögunarferli að sambandinu. Hér er talað um aðlögun sökum þeirrar réttarreglu Evrópusambandsins um að umsóknarríki verður að samþykkja réttarreglur sambandsins (acquis communitare). Þetta kom meðal annars fram í *Skýrslu utanríkisráðherra um aðildarviðræður við Evrópusambandið (ESB) og um þróun mála innan sambandsins*.

Herjan harmar takmarkaðar umræður á vettvangi Alþingis um þá skýrslu, því ljóst er að hún er efnismikil og lýsir stöðu mála innan sambandsins vel. Einn höfunda skýrslunar (Ágúst Þór Árnason) ritaði grein í Morgunblaðið þann 4. apríl um málið og reifaði þar að Evrópusambandið hefði í raun slitið aðildarviðræðum.

Einnig verður að hafa í huga að þeir fyrirvarar er voru samþykktir samhliða aðildarumsókninni myndu falla úr gildi ef svarið í atkvæðagreiðslu þessari fæli í sér áframhaldandi viðræður. Telst það ákjósanlegt? Því það verður ekki annað séð en að þeir

er leggja fram þessa tillögu séu tilbúnir að falla frá þeim fyrirvörum sem Alþingi setti með vísan í samþykkt utanríkisnefndar. Skoðanakannanir hafa verið á einn veg og sýna að meirihluti landsmanna vill ekki ganga inn í Evrópusambandið. Alþingi verður að líta einnig til þess landslags við afgreiðslu á tillögu þessari.

Einnig er spurningin heldur opin, best væri ef spurningin væri á annan veg ef málið fær framgang á vettvangi Alþingis. Sem dæmi mætti spyrja: “Villt þú að Ísland gangi í Evrópusambandið?”

Virðingarfyllst

Halldóra Hjaltadóttir

Formaður Ísafoldar, félags ungs fólks gegn ESB aðild

Arnar Styr Björnsson

Formaður Herjans, félags stúdenta gegn ESB aðild

Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2015

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þingskjal 1082, 626. mál.**

Já Ísland vill aðild Íslands að Evrópusambandinu. Til þess að svo geti orðið þarf að leiða samningaviðræður við Evrópusambandið til lykta og bera síðan aðildarsamning undir dóm þjóðarinnar.

Aðild að Evrópusambandinu er umdeild. Hitt er síður umdeilt að ljúka beri aðildarviðræðum.

Þingsályktunartillaga sú sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla 26. september 2015 um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið.

53.555, sem er 22% kosningabærra manna, hafa krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort ljúka bera viðræðum eða slíta. Áskorunin var afhent forseta Alþingis og fulltrúum allra þingflokka þann 2. maí 2014.

Fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið gengur þvert gegn gefnum loforðum og kröfum um aðkomu þjóðarinnar að þessu mikilvæga máli.


Alþingi og ríkisstjórn ber skylda til þess að stíga varlega til jarðar og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná fram sáttum.

Til þess er bara ein leið fær - að leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Svarið verður skýr leiðarvísir um framhaldið.

Já Ísland styður eindregið þingsályktunartillöguna.

JÁ ÍSLAND



formaður



KENNARASAMBAND Íslands  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
[ki@ki.is](mailto:ki@ki.is) • [www.ki.is](http://www.ki.is)

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2015

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingskjal 1082 — 626. mál.**

Kennarasamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Kennarasamband Íslands styður almennt aukið beint lýðræði sem getur m.a. falist í því að almenningur fær að kjósa um tiltekin mál og er því fylgjandi tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna Rós Sigmundsdóttir  
Lögfræðingur Kennarasambands Íslands



Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 11. maí 2015

**Umsögn um þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 626. mál.**

Á þingi Neytendasamtakanna sem haldið var 19.-20. september 2008 var samþykkt svohljóðandi ályktun: „Þing Neytendasamtakanna telur tímabært að við látum reyna á það með aðildarviðræðum hvort hægt sé að ná viðunandi samningum í málum er varða sjávarútveg og landbúnað. Ljóst er að hagmunir heimilanna í þessu máli eru það miklir að ekki er ástæða til bíða lengur að láta reyna á þessa þætti með aðildarviðræðum. Það yrði að sjálfsgöðu þjóðin sem tæki lokaákvörðun um ESB aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar samningar liggja fyrir.”

Með vísan til þessarar samþykkt er það skoðun Neytendasamtakanna að eðlilegt sé að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda beri áfram aðildarviðræðum okkar við Evrópusambandið og er því lýst yfir stuðningi við framangreinda tillögu.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður

Nefndasvið Alþingis  
b.t. utanríkismálanefndar  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)



Reykjavík, 13. maí 2015

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Vísast til tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þskj. nr. 1082, sem lagt var fram á Alþingi þann 18. mars 2015. Í tilefni af umræddri þingsályktunartillögu vilja Samtök Iðnaðarins áréttu ályktun Iðnþings, þann 5. mars sl. Er ályktunin svohljóðandi:

*„Frjáls og óhindruð viðskipti og aðgangur að erlendum mörkuðum er lífæð íslenskra fyrirtækja. EES-samningurinn skiptir þar sköpum en óvíst er hvort hann einn þjóni hagsmunum okkar til lengri tíma litið. Nauðsynlegt er að tryggja að framhald aðildarviðræðna við ESB verði lagt í dóm þjóðarinnar.“*

Í samræmi við framangreinda ályktun þá telja Samtök iðnaðarins rétt og eðlilegt að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Virðingarfyllst,

---

Almar Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Utanríkismálanefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2015

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þingskjal 1082, 626. mál.**

Félagið VIÐ ERUM SAMMÁLA var stofnað vorið 2009. Samkvæmt samþykktum var tilgangur þess svohljóðandi:

Tilgangur félagsins er að fá sem flesta til að samþykkja eftirfarandi yfirlýsingu og vinna að því að sótt verði um aðild að ESB og að aðildarsamingur verði borinn undir þjóðina:

*Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.*

*Um þetta erum við sammála þrátt fyrir að vera hópur fólks með margar og ólíkar skoðanir um flest annað. Við erum sammála hvert á eigin forsendum og höfum fyrir því okkar eigin ástæður og rök.*

*Við erum sammála um að aðildarsamning á að bera undir þjóðina til samþykktar eða synjunar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá munum við, eins og aðrir Íslendingar, gera endanlega upp hug okkar um hvort við erum enn sömu skoðunar og fyrr og greiða atkvæði í samræmi við það.*

*Við erum sammála um að ríkisstjórnin sem tekur við völdum að loknum kosningum 25. apríl eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að ESB.*


Skemmst er frá því að segja að tæplega 15.000 manns skrifuðu undir þessa yfirlýsingu. Ríkisstjórnin sem tók við völdum tók áskorunina til sín og sótti um aðild að Evrópusambandinu og setti málið í þann farveg sem óskað var eftir.

Félagið lagði því eindregið gegn tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, þingskjal 635, 340. mál, með umsögn dagsettri 6. apríl 2014, eða fyrir rétt rúmu ári.

Þingsályktunartillaga sú sem hér er til umfjöllunar hefur það að markmiði að hleypa þjóðinni að þessari mikilvægu ákvörðun. Sitjandi ríkisstjórn virðist hins vegar ætla að virða að vettugi þá sjálfsögðu kurteisi að bera viðræðuslit undir Alþingi og það sem er öllu verra að hunsa með öllu áskorun 53.555 kosningabærra Íslendinga sem var afhent Alþingi þann 2. maí 2014 í kjölfar mikillar mótmælaöldu.

Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að sjá að sér og setja framhald málsins í dóm þjóðarinnar. Þingsályktunartillaga þessi er góð leið til þess. Félagið styður hana heils hugar.

VIÐ ERUM SAMMÁLA  
Fyrir hönd stjórnar félgsins

  
stjórnarformaður